

## Viðbragðsáætlun í EKKO málum Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

Hvert mál er einstakt og mikilvægt að þau skoðist sem slík.

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu hefur sömu grundvallarreglur að leiðarljósi og fram koma á vef [Stjórnarráðsins](#) um verklag í EKKO málum.

### Markmið

Markmiðið með EKKO- og viðbragðsáætlun í EKKO málum er svo að skýrt sé hvernig skólinn bregst við í EKKO málum. Ekki er þó hægt að fjalla um viðbrögð með tæmandi hætti, þar sem það er skylda framhaldsskólans að meta mál út frá aðstæðum.

Skólinn fer eftir [lögum um framhaldsskóla](#) og [aðalnámsskrá framhaldsskóla, barnaverndarlögum, barnasáttmála](#) Sameinuðu þjóðanna og lögum um samþætta þjónustu um [velferð barna](#). Öll viðbrögð skólans í EKKO málum eiga að styðja við; heilbrigði, velferð, vellíðan og nám, að þolandi upplifi sig öruggan í skólanum. Einnig að veita geranda viðeigandi stuðning á sama tíma og viðkomandi eru sýndar afleiðingar gerða sinna. EKKO mál eru ekki liðin í hópi nemenda eða starfsmanna Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu

### Ábyrgð og verkaskipting

Skólameistari ber ábyrgð á því að mál fari í rétt ferli og að fela starfsfólki verkefni við hæfi. Einnig ber skólameistari ábyrgð á því að allt starfsfólk skólans hafi grunnþekkingu á EKKO málum. Þeir sem koma beint að EKKO málum þurfa að hafa dýpri þekkingu á ólíkum birtingarmyndum eineltis og ofbeldis. Þar á meðal kynferðisofbeldi og því hvernig afleiðingar ofbeldis snerta allt skólasamfélagið.

Starfsfólki skólans er bent á [BOFS](#) skólann þar sem hægt er meðal annars að sækja fræðslu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglunga.

### Viðbragðsferlar

Viðbragðsferlar og málsmeðferð eru mismunandi eftir eðli mála (\*sjá EKKO áætlun skóla). Auk skólameistara er náms- og starfsráðgjafi alltaf í EKKO teymi skólans. Það er fer eftir eðli mála og umfangi hvaða leið er farin.

### Upphaf

Á heimasíðu skólans er tilkynningahnappur þar sem hægt er að tilkynna EKKO mál. Sá sem tilkynnir getur verið þolandi, áhorfandi, starfsmaður eða kennari sem trúað er fyrir máli. Mælt er með því að tilkynna mál í gegn um hnappinn (á forsíðu skólans), en eins er hægt að taka samtalið og þá er mikilvægt að taka það við skólameistara, eða einhvern sem treyst er. Sá aðili sem fær kvörtun á að koma með málið til skólameistara sem mun koma málinu í réttan farveg.

\*Það ber að hafa í huga að EKKO mál hefst á forsendum þess sem upplifir að brotið hafi verið á sér.

\*Ábending frá öðrum en þolanda sjálfum eða grunur um ofbeldi getur ekki verið upphaf EKKO máls.

### ***Fyrstu viðbrögð***

Mikilvægt er að sá sem tilkynnir fái hlý, styðjandi og skýr viðbrögð frá þeim sem trúað er fyrir. Málið ber alltaf að taka alvarlega, skólanum ber að gera það sem hægt er að gera til að styðja þolendur og öryggi þeirra.

Ef þolandi hefur ekki náð 18 ára aldri og málið er þess eðlis skal upplýst um tilkynningarskyldu til barnaverndar. Einnig ber að upplýsa um upplýsingaskyldu gagnvart lögreglu og leiðbeina um kæruleið og ferli mála innan réttarvörslukerfisins. Ef þolandi er barn þá ber einnig að upplýsa um aðkomu forsjáraðila og samþættingu þjónustu í þágu farsældar. Upplýsa þarf þolanda um EKKO ferlið innan skólans.

### ***Greining á aðstæðum***

Þegar formleg tilkynning hefur borist fer fram greining á því hverjir munu koma að málinu. Formlegar tilkynningar berast til skólameistara sem í samráði við náms- og starfsráðgjafa tekur fyrsta samtalið við þolanda. Í því viðtali er, í samráði við þolanda skoðað og ákveðið í hvaða farveg málið fer.

\*Eins og fyrr segir þá ákvarðast sá farvegur af eðli máls.

### ***Aðgerðir skóla***

Eftir að mál er tilkynnt er fyrsta stig aðgerða ákveðið af skólameistara með aðkomu náms- og starfsráðgjafa. Næstu skref eru ákveðin eftir eðli máls og samkvæmt EKKO áætlun Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu og gildandi lögum.

### ***Eftirfylgni***



Málum skal fylgt eftir formlega. Formleg eftirfylgni er mismunandi eftir aðstæðum, mismunandi gagnvart þolanda eða geranda og mismunandi eftir eðli mála. Upplýsa ber málsaðila með formlegum hætti forsendur aðgerða og lendingu mála.

### **Skráning og vistun upplýsinga**

Tilkynningar og skráningar fara allar inn á læstan stað í málakerfi skólans í GoPro.

EKKO teymi ber ábyrgð á að halda utan um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra.

### **Upplýsingamiðlun**

Upplýsingamiðlun er ákveðin af EKKO teymi. Ásamt skólameistara og náms- og starfsráðgjafa, sitja þeir í teyminu, sem skipaðir eru fyrir hvert mál fyrir sig. Upplýsingamiðlun er metin eftir eðli máls.

### **Gildistaka og endurskoðun**

**Viðbragðsáætlun þessi tekur gildi :15. maí 2024**

**Verður endurskoðuð: 15. maí 2025**